



fjárhagsáætlun 2026  
Viðauki

Samþykkt á auka aðalfundi BÁ 14.05.2026

Sundurliðun útgjalda og tekjuliða  
Rekstrarreikningur  
Sjóðsstreymisyfirlit  
Útkomuspá 2026  
Skiptihlutföll  
Samanburðartölur frá árinu 2023  
Skýringar vegna ársins 2026  
Framkvæmdaáætlun 2024 - 2035



## Sundurliðun útgjalda og tekjuliða

Brunavarnir Árnassýslu Fjárhagsáætlun 2026		Viðauki v. Launa		Breyting	
Bókhaldslykill	Heiti lykils	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Kr	%
	Laun (og launatengd)	431.717	455.761		
	Laun v. 3 menn frá okt. 2026 (greitt af eigið fé)		- 9.008		
22100	Laun og launatengd gjöld	431.717	446.753	15.036	3,5%
	Lífeyrissjóðsskuldb áfallin breyting	5.666	5.666	-	0,0%
26000	Rekstur bifreiða	24.365	24.500	135	0,6%
23000	Rekstur húsnæðis	32.628	31.775	- 853	-2,6%
	Annar rekstrarkostnaður	67.745	71.390	3.645	5,4%
	Afskriftir fastafjármuna	64.166	74.627	10.461	16,3%
25700	Búnaður/varanlegir rekstrarfjármunir	19.628	28.434	8.806	44,9%
32000	Greiddir vextir og verðbætur	41.795	51.255	9.460	22,6%
	Reiknaðar verðbætur	25.473	16.921	- 8.552	-33,6%
31100	Vaxtatekjur	- 442	- 250	192	-43,4%
	Nýkaup - Árvegur 1 viðbót	10.000	26.000		
	Borgað af handbæru fé, Árvegur 1	- 10.000	- 26.000		
	Nýkaup 2025 tankbill Þorlákshöfn	30.000			
	Lántaka 2025, tankbill	- 30.000	-		
	Nýkaup - Brunavarnaráætlun, dælubíll		90.000		
	Nýjar lánatökur, dælubíll í Reykholti		- 90.000		
	Nýkaup - Brunavarnaáætlun, Flúðir	150.000	150.000		
	Nýjar lántökur, Flúðir	- 150.000	- 150.000		
	Afborganir lána	46.666	64.362	17.696	37,9%
		<b>759.407</b>	<b>815.433</b>	<b>56.026</b>	<b>7,4%</b>
	Reiknaðar verðbætur dregnar frá	- 25.473	- 16.921		
	Afskriftir fastafjármuna dregnar frá	- 64.166	- 74.627		
	Lífeyrisskuldbinding til greiðslu bætt við	3.448	3.629		
	Breyting á lífe.skuldb. Dregin frá	- 5.666	- 5.666		
		<b>667.550</b>	<b>721.848</b>		
13200	Skilyrt framlög vegna virkjana	-13.426	-15.879	- 2.452	18,3%
13300	Önnur seld þjónusta	- 17.418	-30.342	- 12.924	74,2%
13600	Húsaleiga frá HSU	- 11.285	-10.821	464	-4,1%
		- 42.129	- 57.042	- 14.913	35%
13100	Kostnaður við rekstur / framlög	<b>667.550</b>	<b>721.848</b>	<b>39.385</b>	<b>6,3%</b>

Rekstrarreikningur

**Rekstrarreikningur**

	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Breytingar kr	%
<b>Rekstrartekjur:</b>				
<i>Framlög sveitarfélaga :</i>				
Árborg.....	252.694	272.528	19.834	7,8%
Bláskógabyggð.....	69.857	73.192	3.335	4,8%
Flóahreppur.....	22.552	23.569	1.018	4,5%
Grímsnes og Grafningshreppur.....	70.698	75.117	4.418	6,2%
Hrunamannahreppur .....	31.443	32.836	1.394	4,4%
Hveragerði .....	69.599	72.298	2.699	3,9%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.....	33.462	34.225	763	2,3%
Ölfus.....	75.116	81.040	5.924	7,9%
Samtals framlög sveitarfélaga.....	625.421	664.806	39.385	6,3%
Aðrar tekjur.....	42.129	57.042	14.913	35,4%
	667.550	721.848	54.298	8,1%
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	431.717	446.753	15.036	3,5%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	5.666	5.666	0	0,0%
Rekstur bifreiða.....	24.365	24.500	135	0,6%
Rekstur húsnæðis .....	32.628	31.775	( 853)	-2,6%
Annar rekstrarkostnaður.....	67.745	71.390	3.645	5,4%
Afskriftir.....	64.166	74.627	10.461	16,3%
	626.287	654.711	28.424	4,5%
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	41.263	67.137	25.874	62,7%
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur.....	442	250	( 192)	-43,4%
Fjármagnstekjuskattur.....				
Vaxtagjöld.....	( 41.795)	( 51.255)	( 9.460)	22,6%
Gengismunur.....				
	( 41.353)	( 51.005)	( 9.652)	23,3%
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>( 90)</b>	<b>16.132</b>	<b>16.222</b>	

## Sjóðsstreymisýfirlit

### Sjóðstreymisýfirlit

	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Breytingar kr	%
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>				
Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 90)	16.132	16.222	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé:.....				
Afskriftir.....	64.166	74.627	10.461	16%
Gengismunur.....				
Verðbætur af langtímaskuldum.....	25.473	16.921	( 8.552)	-34%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	5.666	5.666	0	0%
Söluhagnaður.....	0	0	0	
Veltufé frá rekstri	95.215	113.346	18.131	19%
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:.....				
Fyrirframgreiddur kostnaður (hækkun).....	483	483	0	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	0	0	0	
Skammtímaskuldir, hækkun.....	0	0	0	
Birgðir, (hækkun).....	0	0	0	
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar.....	( 3.448)	( 3.629)	( 181)	5%
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	( 2.965)	( 3.146)	( 181)	6%
Handbært fé frá rekstri	92.250	110.200	17.950	19%
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>				
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 209.628)	( 144.434)	( 65.194)	-31%
Skemmtímakröfur vegna fjárfestingar, breyting .....				
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar, breyting .....				
Seldir rekstrarfjármunir .....	0	0		
Fjárfestingarhreyfingar	( 209.628)	( 144.434)	65.194	-31%
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>				
Skammtímalán vegna bifreiðakaupa .....	0	0		
Ný langtímalán .....	180.000	90.000	( 90.000)	-50%
Afborgun langtímalána .....	( 46.666)	( 64.362)	( 17.696)	38%
Fjármögnunarhreyfingar	133.334	25.638	( 107.696)	-81%
<b>Hækkun á handbæru fé mv. áætlun síðasta árs .....</b>	15.956	( 8.596)	( 24.552)	
<b>Handbært fé í ársbyrjun mv. áætlun síðasta árs .....</b>	92.848	100.208	7.360	8%
<b>Handbært fé í árslok mv. áætlun síðasta árs .....</b>	108.804	91.612	( 17.192)	-16%
Annað handbært fé .....	108.804	91.612	( 17.192)	-16%

## Útkomuspá

Brunavarnir Árnessýslu						
	Skýr.	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026		
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Tekjur:</b>						
Framlög aðildarsveitarfélaga.....		522.230	625.420	664.806		
Aðrar tekjur.....		87.144	42.129	57.042		
		609.374	667.549	721.848		
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld.....		355.682	431.717	446.753		
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....		609	5.666	5.666		
Annar rekstrarkostnaður.....		126.540	124.738	127.665		
Afskriftir.....		52.832	64.166	74.867		
		535.663	626.287	654.951		
Niðurstaða án fjármagnsliða		73.711	41.262	66.897		
◀Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(	28.726)	(	43.432)	(	50.672)
▶ <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....		4.632	538	583		
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....		0	0	0		
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(	33.358)	(	43.970)	(	51.255)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....		0	0	0		
Gengismunur.....		0	0	0		
	(	28.726)	(	43.432)	(	50.672)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....		44.985	(	2.170)	16.224	
Framlög frá eigin sjóðum.....		0	0	0		
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....		0	0	0		
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....		0	0	0		
Tekjuskattur.....		0	0	0		
Rekstrarniðurstaða.....		44.985	(	2.170)	16.224	

Brunavarnir Árnæssýslu				
	Skýr.	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026
<b>Efnahagsreikningur</b>				
<b>Eignir</b>				
<b>Fastafjármunir:</b>				
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>				
Fasteignir .....		351.969	525.399	531.589
Bifreiðar .....		290.972	266.374	329.121
Vélar, áhöld og tæki .....		42.555	39.185	39.816
		685.496	830.958	900.525
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>				
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		9.665	9.182	8.699
		9.665	9.182	8.699
Fastafjármunir		695.161	840.140	909.224
<b>Veltufjármunir:</b>				
<b>Skammtímakröfur:</b>				
Aðrar skammtímakröfur .....		14.968	14.968	14.968
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		483	483	483
Handbært fé.....		107.553	116.566	108.303
Veltufjármunir		123.004	132.017	123.754
Eignir samtals		818.165	972.157	1.032.978
<b>31. desember</b>				
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
<b>Eiginfjárreikningar:</b>				
Eigið fé.....		162.523	160.353	176.578
<b>Skuldbindingar:</b>				
Lífeyrisskuldbindingar.....		52.479	54.516	56.553
		52.479	54.516	56.553
<b>Langtímaskuldir:</b>				
Skuldir við lánastofnanir.....		509.425	645.952	686.048
		509.425	645.952	686.048
<b>Skammtímaskuldir:</b>				
Skuldir við lánastofnanir.....		0	0	0
Reiknuð fjárförf.....		0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....		45.233	62.831	65.295
Aðrar skammtímaskuldir.....		48.505	48.505	48.505
		93.738	111.336	113.800
Skuldir og skuldbindingar samtals		655.642	811.804	856.401
Eigið fé og skuldir samtals		818.165	972.157	1.032.978
<b>Sjóðstremisýfirlit</b>				

## Brunavarnir Árnæssýslu

	Skýr.	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026
<b>Sjóðstreymisýfirlit</b>				
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>				
Niðurstaða ársins.....		44.985 (	2.170 )	16.224
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir .....		52.832	64.166	74.867
Verðbætur og gengismunur .....		19.608	21.077	16.921
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta .....		0	0	0
Breyting á skuldbindingum .....		609	5.666	5.666
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)		118.034	88.739	113.679
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú .....		483	483	483
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....		19.489	0	0
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....	(	20.029 )	0	0
Afborganir skuldbindinga .....	(	3.387 ) (	3.629 ) (	3.629 )
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(	3.444 ) (	3.146 ) (	3.146 )
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		114.590	85.593	110.533
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>				
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(	218.972 ) (	209.628 ) (	144.434 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		0	0	0
Langtímakröfur, breyting.....		0	0	0
Skammtímakröfur, breyting.....		0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(	218.972 ) (	209.628 ) (	144.434 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>				
Tekin ný langtímalán.....		190.000	180.000	90.000
Afborganir langtímalána.....	(	51.072 ) (	46.952 ) (	64.362 )
Skammtímalán, breyting.....		0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		138.928	133.048	25.638
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		34.546	9.013 (	8.263 )
Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun .....		73.007	107.553	116.566
Handbært fé (fjárþörf) í árslok .....		107.553	116.566	108.303

## Skiptihlutföll

### Skriptihlutföll framlaga til Brunavarna Árnæssýslu árið 2026

Miðað við 70% - 30% skiptingu

Sveitarfélög	Brunabótamat		Íbúafjöldi		Skriptihlutfall
	5.9.2025 í þús. kr.	70% hlutur	5.9.2025	30% hlutur	
Árborg	482.643.000	24,84%	12.781	16,15%	40,99%
Bláskógarbyggð	175.973.000	9,06%	1.545	1,95%	11,01%
Flóahreppur	50.590.000	2,60%	745	0,94%	3,55%
Grímsnes og Grafningshreppur	202.888.000	10,44%	678	0,86%	11,30%
Hrunamannahreppur	71.928.000	3,70%	979	1,24%	4,94%
Hveragerði	127.637.000	6,57%	3.407	4,31%	10,88%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	84.236.000	4,34%	643	0,81%	5,15%
Ölfus	164.188.000	8,45%	2.959	3,74%	12,19%
<b>Samtals</b>	<b>1.360.083.000</b>	<b>70,00%</b>	<b>23.737</b>	<b>30,00%</b>	<b>100,00%</b>

### Framlög til B.Á. m.v. fjárhagsáætlun 2026

	Endanlegt skriptihlutfall vegna 2026	Heildar- framlög árið 2026
Árborg	40,99%	272.528.321
Bláskógarbyggð	11,01%	73.192.000
Flóahreppur	3,55%	23.569.406
Grímsnes og Grafningshreppur	11,30%	75.116.538
Hrunamannahreppur	4,94%	32.836.489
Hveragerði	10,88%	72.298.219
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	5,15%	34.224.656
Ölfus	12,19%	81.040.298
<b>Samtals:</b>	<b>100,00%</b>	<b>664.805.928</b>

Staða brunabótamats og íbúafjölda í Árnæssýslu  
miðað við Þjóðskrá  
Milli árunna 2024 og 2025

Sveitarfélög	Hækkun / lækkun Brunabótam.		Fjölgun / fækkun íbúa	
Árborg	19,27%	77.995.212	4,29%	526
Bláskógarbyggð	14,29%	22.003.251	5,39%	79
Flóahreppur	15,05%	6.618.367	1,36%	10
Grímsnes og Grafningshreppur	15,71%	27.550.175	14,33%	85
Hrunamannahreppur	14,23%	8.960.617	3,16%	30
Hveragerði	14,13%	15.805.018	1,46%	49
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	11,43%	8.637.685	4,05%	25
Ölfus	19,06%	26.288.986	4,23%	120
<b>Samtals</b>	<b>16,62%</b>	<b>193.859.311</b>	<b>4,05%</b>	<b>924</b>

## Samanburðartölur frá árinu 2023

### Rekstrarreikningur

Rekstrarreikningur	Áætlun 2023	Rann 2023	Áætlun 2024	Rann 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Breytingar kr	%
<b>Rekstrartekjur:</b>								
<i>Framlög sveitarfélaga :</i>								
Árborg.....	176.632	176.632	207.263	207.263	252.694	272.528	19.834	7,8%
Bláskógabyggð.....	49.779	49.779	59.245	59.245	69.857	73.192	3.335	4,8%
Flóahreppur.....	16.741	16.741	19.268	19.268	22.552	23.569	1.018	4,5%
Grimsmes og Grafingshreppur.....	50.958	50.958	59.886	59.886	70.698	75.117	4.418	6,2%
Hrunamannahreppur.....	23.070	23.070	26.432	26.432	31.443	32.836	1.394	4,4%
Hveragerði.....	49.097	49.097	58.676	58.676	69.599	72.298	2.699	3,9%
Skeiða- og Gnúpsverjahreppur.....	25.083	25.083	28.644	28.644	33.462	34.225	763	2,3%
Ófús.....	53.844	53.844	62.808	62.808	75.116	81.040	5.924	7,9%
Samtals framlög sveitarfélaga.....	445.205	445.205	522.231	522.231	625.421	664.806	39.385	6,3%
Aðrar tekjur.....	79.489	86.331	57.025	87.143	42.129	57.042	14.913	35,4%
	524.694	531.536	579.255	609.374	667.550	721.848	54.298	8,1%
<b>Rekstrargjöld:</b>								
Lán og lántengd gjöld.....	338.737	323.614	380.061	355.682	431.717	446.753	15.036	3,5%
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	4.200	15.300	4.466	609	5.666	5.666	0	0,0%
Rekstur bifreiða.....	19.764	22.834	23.451	22.237	24.365	24.500	135	0,6%
Rekstur bísnæðis.....	26.088	31.123	32.731	36.935	32.628	31.775	( 853)	-2,6%
Annar rekstrarkostnaður.....	53.858	69.456	61.927	67.370	67.745	71.390	3.645	5,4%
Afskriftir.....	55.283	45.040	56.464	52.832	64.166	74.627	10.461	16,3%
	497.930	507.367	559.099	535.664	626.287	654.711	28.424	4,5%
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	26.764	24.169	20.156	73.710	41.263	67.137	25.874	62,7%
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>								
Vaxtatekjur.....	500	5.292	290	5.934	442	250	( 192)	-43,4%
Fjármagnstekjuskattur.....		( 1.164)		( 1.303)				
Vaxtagjöld.....	( 33.197)	( 42.543)	( 36.074)	( 33.357)	( 41.795)	( 51.255)	( 9.460)	22,6%
Gengismunur.....		33		0				
	( 32.679)	( 38.382)	( 35.784)	( 28.726)	( 41.353)	( 51.005)	( 9.652)	23,3%
<b>Rekstrarmiðurstaða</b> .....	<b>( 5.933)</b>	<b>( 14.213)</b>	<b>( 15.628)</b>	<b>44.984</b>	<b>( 90)</b>	<b>16.132</b>	<b>16.222</b>	

### Sjóðstreymi

Sjóðstreymisfirlit	Áætlun 2023	Rann 2023	Áætlun 2024	Rann 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Breytingar kr	%
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>								
Rekstrarmiðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi.....	( 5.933)	( 14.213)	( 15.628)	44.984	( 90)	16.132	16.222	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé.....								
Afskriftir.....	55.283	45.040	56.464	52.832	64.166	74.627	10.461	16%
Gengismunur.....								
Verðbætur af langtímaskuldum.....	22.404	31.679	23.945	19.608	25.473	16.921	( 8.552)	-34%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	4.200	15.300	4.466	609	5.666	5.666	0	0%
Soluhagnaður.....	0	0	0	0	0	0	0	
	75.954	77.773	69.247	118.033	95.215	113.346	18.131	19%
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda.....								
Fyrirframgreiddur kostnaður (hækkun).....	0	483	483	483	483	483	0	
Skammtímaskrófur, lækkun (hækkun).....	0	( 11.907)	0	19.490	0	0	0	
Skammtímaskuldir, lækkun.....	0	10.914	0	( 20.029)	0	0	0	
Birgðir, (hækkun).....	0	0	0	0	0	0	0	
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar.....	( 2.100)	( 2.853)	( 3.000)	( 3.387)	( 3.448)	( 3.629)	( 181)	5%
	( 2.100)	( 3.363)	( 2.517)	( 3.444)	( 2.965)	( 3.146)	( 181)	6%
	73.854	74.410	66.730	114.589	92.250	110.200	17.950	19%
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>								
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....	( 18.008)	( 40.144)	( 219.628)	( 218.971)	( 209.628)	( 144.434)	( 65.194)	-31%
Skammtímaskrófur vegna fjárfestingar, breyting.....		7.438		0				
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar, breyting.....		( 8.211)		0				
Seldir rekstrarfjármunir.....	0	0	0	0	0	0	0	
	18.008	( 40.917)	( 219.628)	( 218.971)	( 209.628)	( 144.434)	65.194	-31%
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>								
Skammtímalán vegna bifreiðakaupa.....	0	0	0	0	0	0		
Ný langtímalán.....	0	0	190.000	190.000	180.000	90.000	( 90.000)	-50%
Afborgun langtímalána.....	( 55.846)	( 57.378)	( 46.619)	( 51.072)	( 46.666)	( 64.362)	( 17.696)	38%
	( 55.846)	( 57.378)	143.381	138.928	133.334	25.638	( 107.696)	-81%
<b>Hækkun á handbæru fé mv. áætlun síðasta árs</b> .....	<b>0</b>	<b>( 23.886)</b>	<b>( 9.517)</b>	<b>34.546</b>	<b>15.956</b>	<b>( 8.596)</b>	<b>( 24.552)</b>	
<b>Handbært fé í ársbyrjun mv. áætlun síðasta árs</b> .....	<b>23.248</b>	<b>96.892</b>	<b>67.375</b>	<b>73.007</b>	<b>92.848</b>	<b>100.208</b>	<b>7.360</b>	<b>8%</b>
<b>Handbært fé í árslok mv. áætlun síðasta árs</b> .....	<b>23.248</b>	<b>73.007</b>	<b>57.858</b>	<b>107.553</b>	<b>108.804</b>	<b>91.612</b>	<b>( 17.192)</b>	<b>-16%</b>
Annað handbært fé.....	14.486	68.499	53.350		108.804	91.612	( 17.192)	-16%



## Brunavarnir Árnæssýslu

Árvegi 1  
800 Selfoss  
4800900  
ba@babubabu.is

Apríl 2026  
-- PP/höá/lkg--

## Skýringar með fjárhagsáætlun vegna ársins 2026 (viðauka)

### Inngangur:

#### Hlutverk Brunavarna Árnæssýslu:

- Slökkvilið eru öryggis- og forvarnastofnanir sveitarfélaganna.
- Stjórnendum slökkviliða er gert að fylgja stífu laga- og regluverki ríkisvaldsins.
- Slökkvilið eru hluti af grunnþjónustu samfélagsins.
- Eigendur slökkviliða eru íbúar sveitarfélaganna.

Í 11.gr laga nr.75/2000 segir að sveitarfélagi er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Í gr.16 sömu laga segir um skyldur slökkviliðsstjóra að hans hlutverk sé að:

- hafa eftirlit með því í sínu umdæmi að farið sé eftir lögum er að málaflokknum lúta og þeim reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.
- hafa umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og eftirlit með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveita.
- stjórna slökkvistarfi við eldsvoða og hafa stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi auk þeirra vettvanga þar sem kallað er eftir björgunarklippum. Við þessi störf eru löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögregla sér slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að vettvangsstað, stöðvar umferð um nærliggjandi götur, girðir af svæði sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, verndar brunarústir sem rannsaka þarf eða bjarga verðmætum úr og varðveitir muni sem bjargað er frá bruna þar til þeir eru afhentir réttum aðila.
- tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits.
- sjá um fræðslu til slökkviliðsmanna og þjálfun þeirra í brunavörnum, björgunarstörfum og viðbrögðum við mengunaróhöppum og að haldnar séu reglubundnar æfingar slökkviliðs.

Auk þess vinnur slökkviliðsstjóri brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.

Í gr.12 laga nr.75/2000 er fjallað um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga en þar segir meðal annars að hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé að gera úttekt á mannvirkjum og

starfsemi þeirra með tilliti til brunavarna og á lóðum og öðrum svæðum utandyra þar sem eldhætta getur skapast t.d. vegna starfsemi á svæðinu, söfnunar úrgangs eða geymslu eldfimra efna, og gera kröfur um nauðsynlegar úrbætur á brunavörnum til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir.

Einnig segir þar að hlutverk eldvarnaeftirlits sé að hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi, samkvæmt lögum um mannvirki, hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða. Að framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar og lóðir fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Eldvarnaeftirliti ber að leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfsemi og hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn mannvirkis í rekstri sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem HMS gefur út. Í reglugerð nr.723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun er síðan skýrt tekið á framkvæmd eftirlitsins og tíðni skoðana.

Það er lagaleg skylda og þar með ábyrgð slökkviliðsstjóra að sjá til þess að farið sé að lögum þeim er að málaflokknum lúta.

Málaflokkurinn er sveitarfélögunum dýr en þó má ekki gleyma þeim lið sem erfitt er að mæla til tekna í þessu samhengi en það eru þau verðmæti og þau mannlíf sem bjargast vegna starfsemi slökkviliða. Það má leiða að því líkum að þau verðmæti séu margföld ár hvert miðað við þá fjármuni sem fara í rekstur slökkviliða.

## Lög og reglugerðir

Mikill fjöldi laga og reglugerða gilda um málaflokkinn.


Á árinu 2017 kom út ný reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr.723/2017. Á árinu 2018, kom út reglugerð um starfsemi slökkviliða nr.747/2018. Báðar þessar reglugerðir marka ramma slökkviliða í landinu enn skýrar og er ljóst að með tilkomu þeirra hefur- og mun, rekstrarkostnaður slökkviliða aukast til þess að eftir þeim megi fara.

Í reglugerðinni um starfsemi slökkviliða nr.747/2018 segir í gr.15:

*Skipulag slökkviliðs. Í brunavarnaáætlun skal sýnt fram á mannaflapörf slökkviliðsins. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarksfyrirkomulag á rekstri slökkviliðs:*

a. *Yfir 15.000 íbúar í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð. (Þéttbýliskjarninn Selfoss nálgast þessa íbúatölu).*

b. *Yfir 5.000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn eru á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi. (Unnið er eftir þessu ákvæði á slökkvistöðinni á Selfossi).*



Timamæld svæði miðað við aksturstaði í Árnæssýslu utan dagvinnutíma.

Útkallstími (tími sem tekur hlutastarfandi slökkviliðsmenn að mæta á slökkvistöð og leggja af stað í útköll) er frá 3-8 mínútum. Sá tími leggst við aksturstaðmann sem fylgir myndinni.

Í gr.20 eru tilmæli um lágmarksfjölda slökkviliðsmanna sem þurfa að vera á vakt miðað við útkallssvæði, en útkallssvæðin eru skilgreind í 16. grein reglugerðarinnar.

Þar segir að á útkallssvæði 1 skulu vera að lágmarki:  
Einn fullmenntaður stjórnandi og nægilega margir slökkviliðsmenn til að manna nauðsynleg hlutverk og búnað í útkallinu.

Eftirfarandi lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna skal vera í útkallseiningu vegna

**útkallssvæðis 1:**

3 í reykköfun.

1 í vatnsöflun.

1 stjórnandi.

**Samtals 5**

**Vegna útkallssvæðis 2, 3 og 4 (reykköfun, viðbrögð við mengunar- /eiturefnaslysum og eiturefnaköfun:**

5 í reykköfun.

1 í vatnsöflun.

1 stjórnandi.

**Samtals 7**

Ef forsenda slökkvistarfs í sveitarfélaginu byggist að einhverju leyti á notkun körfubíls eða tankbíls þarf að bæta við eftirfarandi mannskap sem þarf til að sinna þeim tækjum:

1 í körfubíl.

1 í tankbíl.

**Samtals 2**

**Í gr.16 eru útkallssvæði slökkviliða skilgreind.**

**Útkallssvæði 1:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinnan hafin innan 10 mín. frá útkalli.

**Útkallssvæði 2:** Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinnan hafin innan 15 mín. frá útkalli.

Samkvæmt reglugerð um starfsemi slökkviliða nr.747/2018 er ljóst að stór hluti starfsstöðvar BÁ sem tilheyrir Selfossi er á útkallssvæði 2. Á því svæði búa tæplega 13.000 íbúar og forsendur slökkvistarfs byggjast að einhverju leyti á notkun bæði körfubíls og tankbíls. Miðað við lágmarksforsendur reglugerðarinnar þyrftu því 9 slökkviliðsmenn að starfa í dagvinnuliði útkallsliðs.

Séu færð haldbær rök fyrir því að útkallssvæði slökkviliðseiningarinnar flokkist sem útkallssvæði 1 er lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna útkallseiningarinnar í dagvinnu útkallsliði 7.

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 var ákveðið að reyna að milda áhrif reglugerðarinnar og einungis gert ráð fyrir ráðningu 4 slökkviliðsmanna í dagvinnustarf og reyna þar með að nálgast ráðningarnar yfir nokkurra ára skeið.

Á fundi Héraðsnefndar 22. október 2018 var sú ákvörðun tekin að ráða einungis 2 slökkviliðsmenn til dagvinnustarfa á árinu 2019 og ráða síðan aftur tvo á árinu 2020.

Héraðsnefnd fór fram á að launaliður fjárhagsáætlunarinnar yrði lækkaður um 20 milljónir vegna ársins 2019 en áður hafði stjórn ákveðið að lækka launalið fjárhagsáætlunar um 10 milljónir. Útreikningur á launalið áætlunarinnar var því 30 milljónir króna lægri vegna ársins 2019.

Í september 2019 voru íbúar sveitarfélagsins Árborgar komnir í 9.864 og því ljóst að það er langt yfir þá fólksfjöldatölur sem reglugerðin kveður á um að dagvinnuskipað slökkvilið sé starfrækt. Þess ber einnig að geta að í janúar byrjun 2019 voru íbúar Árnassýslu 17.959 talsins.

Slökkviliðsstjóri í umboði stjórnar, lagði til við Héraðsnefnd við fjárhagsáætlunargerð vegna ársins 2020, á fundi héraðsnefndar þann 15. október 2019, að tveir menn yrðu ráðnir inn til viðbótar í fullt starf við útkallseiningu BÁ á Selfossi þannig að dagvinnu útkallseiningin hefði yfir 4 slökkviliðsmönnum að ráða. Með því móti yrði komist nær þeim kröfum er reglugerð kveður á um. Héraðsnefnd hafnaði tillögu slökkviliðsstjóra.

Við fjárhagsáætlunargerð Brunavarna Árnassýslu vegna ársins 2021 var ákveðið af stjórn BÁ að fara ekki fram á við Héraðsnefnd að ráðnir yrðu inn tveir slökkviliðsmenn til viðbótar í dagvinnulið BÁ vegna fjárhagsástandsins í samfélaginu með tilliti til COVID-19. Hinsvegar óskaði stjórn þess að slökkviliðsstjóri setti fjárhagsáætlunina upp með þeim hætti að hækkunin vegna þeirra kæmi glögglega fram en yrði aftur á móti dregin frá loka niðurstöðu aftur á skýran hátt og var áætlunin því sett fram á þann hátt.

Á fundi stjórnar Brunavarna Árnassýslu sem haldin var þann 23. september 2021 var ákveðið að fara þess á leit við Héraðsnefnd Árneseinga að árið 2022 yrðu yrðu tveir slökkviliðsmenn í dagvinnuútkallslið slökkviliðsins til viðbótar þeim tveimur sem ráðnir voru árið 2019 til þess að komast nær þeim kröfum sem gerðar eru um mönnun slökkviliða í reglugerð 747/2018.

Gert var ráð fyrir að slökkviliðsmennirnir myndu hefja störf um mitt ár 2022 og var launalið áætlunarinnar stillt upp í samræmi við það.

Á fundi HN þann 25.10.2021 var ákveðið að ráða einn slökkviliðsmann til viðbótar við dagvinnuútkallslið og skyldi hann ráðinn um mitt ár 2022.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2023 lagði slökkviliðsstjóri BÁ það til við stjórn slökkviliðsins að ráðnir yrðu inn tveir slökkviliðsmenn um mitt ár 2023 til þess að komast nær þeim lagalegu kröfum um mönnun slökkviliða sem gerðar eru. Stjórn BÁ féllst ekki á þessa tillögu slökkviliðsstjóra vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaga en lagði hins vegar til að einn slökkviliðsmaður yrðir ráðinn inn til viðbótar undir lok árs 2023.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2024 var ákveðið að fara ekki fram á fjölgun í dagvinnuliði slökkviliðsins en miklar launahækkunarir á árinu 2023 höfðu sett sveitarfélögunum þröngar skorður.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2025 var ákveðið af stjórn BÁ að fara ekki fram á fjölgun í dagvinnuliði BÁ vegna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. En verður því töf á að slökkviliðið verði mannað samkvæmt lágmarks kröfu reglugerðar um dagvinnu slökkvilið miðað við 5000 manna þéttbýliskjarna.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2026 lagði slökkviliðsstjóri og stjórn BÁ til við aðalfund BÁ að gert yrði ráð fyrir ráðningu tveggja slökkviliðsmanna um mitt ár 2026. Var það lagt fram til þess að mæta viðbragðsþörf utan dagvinnutíma á virkum dögum. Ráðgert var að setja upp kvöldvakt á virkum dögum frá klukkan 16:00 til 00:00. Þetta var gert eftir að tímamælingar höfðu verið framkvæmdar í Árborg (framkvæmdar af Samsýn fyrri BÁ), þar sem í ljós hefur komið að viðbragðstími slökkviliðs eftir klukkan 16:00 á daginn er óviðunandi. Skýring þessarar lengingar á viðbragðstíma er aukin íbúafjöldi og þar með umferð á Selfossi. Staðsetning slökkvistöðvarinnar er með þeim hætti að hún er fjarri íbúabyggð og fara þarf um umferðapungar götur til að komast að henni. Þetta torveldar hlutastarfandi slökkviliðsmönnum að komast á slökkvistöðina til þess að manna tæki liðsins. Kostnaður vegna þessa var reiknaður um 12 milljónir króna vegna hálfes árs 2026.

Glögglega má sjá muninn á viðbragðstímum á meðfylgjandi myndum hér fyrir neðan. Aðalfundur BÁ, haldin í Árnési 14. október 2025, hafnaði þessari tillögu slökkviliðsstjóra og stjórnar BÁ á þessum tímamarki og vildi taka málið upp aftur á vorfundi BÁ 2026.

Á auka aðalfundi Brunavarna Árnæssýslu sem haldin var 14. apríl í Rauðahúsinu á Eyrarbakka var eftirfarandi minnisblað stjórnar Brunavarna Árnæssýslu lagt fram.

Dag: 7.4.2026

Efni: Lágmarks kröfum um mönnun útkallseiningar.

Ritað af: Péttri Péturssyni fyrir hönd stjórnar.

Á fundi stjórnar Brunavarna Árnæssýslu, haldin í Þorlákshöfn þann 7. apríl 2026 var eftirfarandi ályktað.

Stjórn Brunavarna Árnæssýslu telur brýnt að farið sé að lögum og samþykktum Brunavarna Árnæssýslu um mannafla útkallseiningar dagvinnuliðs slökkviliðsins.

Samkvæmt reglugerð 747 frá árinu 2018 er kveðið á um í 20. grein, að lágmarks fjöldi útkallseiningar vegna slökkvistarfa innanhúss og reykköfun á útkallssvæði 2, 3 og 4 séu 7 menn.


Í samþykktum Brunavarna Árnæssýslu bs. dagsettar 22. janúar 2025, er tekið fram í grein 1.2 lið h, að það sé jafnframt verkefni byggðarsamlagsins að gæta að því að uppfylltar séu lágmarkskröfur um tækjakost, húsnæði, mannafla og aðgengi að vatni í umdæmum aðildarsveitarfélöganna til þess að unnt sé að sinna lögbundnum verkefnum.

Í ljósi jákvæðrar rekstrarafkomu byggðarsamlagsins vegna ársins 2025, leggur stjórn til við aukaáðalfund Brunavarna Árnæssýslu bs. að ráðnir verði inn 3 menn í útkallsdeild slökkviliðsins á haustmánuðum 2026 til þess að mæta lágmarks mönnunar kröfu reglugerðar. Launakostnaður vegna þessa verði greiddur með rekstrarafgangi síðasta árs og þurfi því ekki að koma til þess að taka þurfi upp fjárhagsáætlun vegna ársins 2026.


Virðingarfyllst,

Stjórn Brunavarna Árnæssýslu bs.

Tillagan var samþykkt og var slökkviliðsstjóra og stjórn falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2026 og vinna minnisblað þar sem áhrifin til framtíðar eru lögð fram og lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar.



Tímamæld svæði miðað við akstur tíma í Árnæssýslu á dagvinnutíma á virkum dögum (08:00- 16:00).  
Á myndinni má sjá viðbragðstíma slökkviliðs á dagvinnutíma, frá því er boð berast frá Neyðarlínu þar til fyrsta  
viðbragð er komið á vettvang. Á dagvinnutíma er slökkvistöðin á Selfossi mönnuð slökkviliðsmönnum.



*Timamæld svæði miðað við akstur tíma í Árnæssýslu utan dagvinnutíma á virkum dögum (eftir klukkan 16:00 á daginn og um helgar).*

*Á myndinni má sjá viðbragðstíma slökkviliðs utan dagvinnutíma, frá því er boð berast frá Neyðarlinnu þar til fyrsta viðbragð er komið á vettvang. Utan dagvinnutíma er slökkvistöðin á Selfossi ómönnuð. Viðbragði sinna hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem þurfa að komast á slökkvistöð til þess að sækja búnað og tæki og aka síðan á vettvang.*

Í reglugerð nr.747/2018 er ákvæði um að fari íbúafjöldi yfir 15.000 í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs skuli slökkviliðið mannað með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð.

Til þess að hægt sé að færast nær þeirri mönnun slökkviliðsmanna á útkallsviði sem reglugerð kveður á um eru aukin útgjöld vegna launa óumflýjanleg.

Í b lið greinar nr.15 í reglugerð nr. 747/2018 segir einnig:

*Után þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir skilgreindu skipulagi.*

Ekki er gert ráð fyrir mönnun slökkviliðsmanna á bakvaktir til þess að tryggja mönnun í útköll fyrir utan 8 helgar á sumrin.

Bakvaktir útkallsliðs á öllum stöðvum BÁ myndi útheimta umtalsverðan kostnað til viðbótar við launalið áætlunarinnar og er þess freistað að yfirmenn vakti vel mönnunarstöðu á hverri starfsstöð fyrir sig eins og áður hefur verið gert til þess að

Stjórnendur hafi góða yfirsýn ef slökkviliðsmenn einstakra starfsstöðva eru fjarri sínu samfélagi komi til útkalls.

Einnig er mikill styrkur í því að hafa fast mannaða vakt slökkviliðsmanna í fullu starfi útkallsdeildar til þess að mæta þeim útköllum sem koma á útstöðvum slökkviliðsins. Hlutastarfandi menn viðkomandi stöðvar mæta þá fyrstir í útkall en í flestum tilfellum eiga þeir von á liðsauka innan tíðar frá fullstarfandi einingunni.

Þetta á þó einungis við um dagvinnutíma á virkum dögum miðað við stöðuna hjá Brunavörnum Árnæssýslu í dag.

Samkvæmt reglugerðinni eiga sveitarfélögin að reka slökkvilið á vöktum allan sólarhringinn þegar íbúafjöldi einstakra þéttbýliskjarna ná 15.000 íbúa marki. Miðað við íbúapróun stýttist í að það verði að veruleika.

## Skýringar á liðum:

### Laun og launatengd gjöld

Í þessum lið eru tekin öll laun fastra starfsmanna BÁ auk launa vegna stjórnarfundar, varðstjóra, vakta, útkalla, æfinga, námskeiða, funda, gangsetninga, ræstinga á útstöðvum og vegna annarrar vinnu, auk æfinga í virkjunum samkv. samningum. Starf Brunavarna Árnæssýslu er metnaðarfullt. Stjórnendur stofnunarinnar leitast við eftir bestu getu að fara að þeim lögum og reglum sem settar eru um málaflokkinn.

Gert er ráð fyrir 3,5% kjarasamningsbundinni hækkun launa á árinu 2026. Þessi hækkun tekur gildi 1. apríl næstkomandi. Kostnaður vegna hennar og vegna aukinnar vinnu við að uppfylla samning BÁ við HMS vegna kennslu er áætlaður rúmar 15. milljónir króna.

Á auka aðalfundi Brunavarna Árnæssýslu, haldin þann 14. apríl 2026 í Rauða húsinu á Eyrarbakka, var tillaga stjórnar BÁ um að auka fjölda fastra dagvinnu starfsmanna um um þrjá, til þess að uppfylla lágmarksskilyrði reglugerðar um mönnun samþykkt. Gert er ráð fyrir að ráðið verði inn í október næstkomandi. Launakostnaður vegna þessa á árinu 2026 greiðist með rekstrarafgangi ársins 2025 og kemur því ekki til aukafjárveitinga sveitarfélaganna til reksturs BÁ, á árinu 2026.

### Rekstur bifreiða

Undir þessum lið er kostnaður vegna eldsneytis, viðhalds, skatta, trygginga og fleira. Ekki er gert ráð fyrir áföllum undir þessum lið.

Slökkviliðið rekur sjö slökkvistöðvar og er bifreiðafjöldi liðsins því allnokkur. Bílafloti liðsins er nokkuð stór og hlýst því eðlilega nokkur kostnaður af rekstri hans. Notkun þessara tækja er umtalsverð og oft á tíðum fer sú notkun fram undir miklu álagi. Viðhaldsvinna er því ríkjandi þáttur í rekstri þessara tækja sem og eldsneytiskostnaður. Gert er ráð fyrir hækkun uppá 0,6% á þessum lið og er það mjög varlega áætlað með tilliti til hækkandi verðlags.

### **Rekstur húsnæðis**

Undir þessum lið er kostnaður vegna húsaleigu, húsfélags, hita, rafmagns, ræstinga, fasteignagjalda og viðhald fasteigna.

Brunavarnir Árnassýslu leigja eða munu leigja húsnæði undir starfseminum á fjórum stöðum en munu eiga með tilkomu nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum fjórar af sínum slökkvistöðvum. Ein af þeim slökkvistöðvum er Björgunarmiðstöðin á Selfossi þar sem BÁ leigir jafnframt út húsnæði til annarrar björgunarstarfsemi (sjúkraflutningar HSU). BÁ ber því einnig skyldur sem leigusali.

Áætluð húsaleiga BÁ lækkar umtalsvert milli áætlana þar sem ekki verður lengur greidd húsaleiga af slökkvistöðvum á Laugarvatni og Flúðum.

Áætluð fasteigna gjöld til sveitarfélaganna hækka um tæp 5% milli ára en nýjar slökkvistöðvar á Laugarvatni og á Flúðum telja þar inn í.

Áætlaður kostnaður vegna hitaveitu hækkar með tilkomu nýrra slökkvistöðva á Laugarvatni og Flúðum. Nemur sú hækkun tæpum 16%.

Gert er ráð fyrir hækkun á kostnaði við rafmagnsnotkun um 3%.

### **Annar rekstrarkostnaður**

Undir þessum lið er kostnaður vegna læknisskoðana, sálfræðipjónustu, þrekprófa og heilsuræktar, fæðiskostnaður vegna æfinga, útkalla, kaffistofu og annarra verkefna, einkennis og hlífðarfatnaður, ferða og fundakostnaður, námskeiðakostnaður, tölvukostnaður og viðhald, minniháttar verkfæri og áhöld, slökkviefni, viðhald búnaður, fjarskiptakostnaður, prentun og ritföng, blöð og tímarit, aðkeypt þjónusta (SPS), auglýsingar og styrkir, akstur og flutningskostnaður, tryggingar slökkviliðsmanna, bókhaldskostnaður og ófyrirséður kostnaður.

Hækkun þessa liðar er 5,4%. Það sem hefur mest áhrif á hækkun þessa liðar er aukin áætlaður kostnaður við námskeið. Skýrist það af nýjum samningi við HMS þar sem BÁ mun halda áfram um að sjá um námskeiða hald á landsvísi fyrir Brunamálaskólann. Á móti þessari hækkun koma tekjur undir liðin önnur seld þjónusta.

### **Búnaður / varanlegir rekstrarfjármunir**

Vottaður búnaður til björgunarstarfa er dýr. Búnaður úreldist, skemmist og þróaðar nýjungar koma á markað sem skila árangursríkara starfi.

Úreltan búnað þarf að endurnýja til þess að tryggja megi gæði starfsins og öryggi starfsmanna.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir endurnýjun á dælubúnaði, búnaði vegna gróðurelda, kaupum á reykköfunartækjum, slöngum og ýmsum smærri búnaði tengdum starfinu. Þessi liður er oft notaður til þess að mæta ófyrirséðum kostnaði annarra liða þannig að ekki þurfi að fara fram á fjáráuka frá sveitarfélögunum. Getur það leitt af sér að ekki tekst að fjárfesta í nauðsynlegum búnaði til endurnýjunar sem áætlað er fyrir.

Nokkur hækkun er á þessu lið milli ára þar sem ráðgert er að endurnýja eina af dagnotabifreiðum liðsins.

### **Þjónustuframlög v. virkjana**

Samningar eru milli BÁ, Landsvirkjunar, Landsnets og Orku Náttúrunnar um þjónustu umfram þá þjónustu er veita ber.

Þessir samningar ganga út á það að slökkviliðsmenn BÁ æfa ákveðin fjölda æfinga í virkjunarmannvirkjum til þess að vera betur í stakk búnir til þess að takast á við útköll í mannvirkjunum ef til þeirra kæmi.

Þessir samningar eru einnig skilyrtir af hálfu verkkaupa þess eðlis að verksala ber að kaupa búnað er nýtist til starfa í útköllum á virkjunarsvæðunum, fyrir það fé sem ekki er notað beint til æfinganna sjálfra. Nokkur hækkun er á þessum lið milli ára vegna vísitölutengingar.

### **Önnur seld þjónusta**

Þessi liður felur m.a. í sér almannavarnir, húsaleigu, útseld námskeið, kennsla og þjónusta vegna slökkvitækjaþjónustunnar.

Umtalsverð hækkun er á þessum lið og skýrist hann að stærstu leiti af nýjum samningi milli BÁ og Húsnaðis og mannvirkjastofnunnar um kennslu BÁ fyrir

Brunamálaskólann. Einnig er gert ráð fyrir nokkurri tekjuaukningu vegna öryggis- og lokaúttekta eldvarnaeftirlits BÁ.

### **Húsaleiga frá HSU**

Þarna færast inn áætlaðar leigutekjur frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna aðstöðu vaktar sjúkraflutningamanna og aðstöðu sjúkrabíla í húsnaði BÁ, Árvegi 1.

### **Lífeyrisskuldbinding**

Hér er um að ræða skuldbindingu vegna fyrrverandi slökkviliðsstjóra sem eru orðnir lífeyrisþegar og eftirlifandi maka.

### **Afskriftir fastafjármuna**

Tölur frá endurskoðanda.

### **Reiknaðar verðbætur**

Vaxtagreiðslur af langtímalánum.

## **Eftirstöðvar lána september 2025**

Flokkur	Eignir	Eftirstöðvar með verðbótum	Útgáfuár	Uppgreiðsla
Brú	Brú	13.267.728	2018	2034
Fasteign	Árvegur 1	233.730.326	2013	2033
Slökkvibifreið	81-141 2.hluti	62.275.631	2021	2034
Slökkvibifreið	81-141 1.hluti	26.490.983	2020	2034
Slökkvibifreið	81-751	7.768.781	2019	2029
Slökkvibifreið	81-731	85.818.600	2024	2039
Fasteignir	Laugarvatn	80.348.039	2024	2055
Fasteignir	1.hluti Flúðir	34.434.874	2024	2055
		<b>544.134.962</b>		

## **Fjárfestingaáætlun 2026**

Gert er ráð fyrir að vinna við byggingu nýrrar tækja- og búnaðargeymslu (slökkvistöðvar), á Flúðum haldi áfram á árinu 2026. Ákveðið var á aðalfundi BÁ, vor 2025 að opnuð yrði lánalína hjá Landsbankanum til þess að fjármagna framkvæmdina til eins árs. Árið 2026 yrði svo tekið langtíma lán vegna þessa.

Gert er ráð fyrir kaupum á nýrri dælubifreið sem staðsett verður á slökkvistöð BÁ í Reykholti en sú dælubifreið sem er þar fyrir verður 21 árs gömul á árinu 2026.

Gert er ráð fyrir þriðja áfanga í kaupum BÁ í ákveðnum hluta Björgunarfélags Árborgar í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi. Heildar verð þessa hluta fasteignarinnar er 36 milljónir króna.

### **Nýjar lánatökur á árinu 2026**

Vegna byggingar nýrrar tækja- og búnaðargeymslu BÁ, á Flúðum er gert ráð fyrir 150 milljóna króna lántöku. Verkefnið var fjármagnað á árinu 2025 með lánalínu frá Landsbankanum en gert er ráð fyrir að langtíma lán verði tekið á árinu 2026 vegna þessa. Gert er ráð fyrir að teknar verði 90 milljónir króna að láni vegna kaupá á nýrri dælubifreið sem staðsett verður í Reykholti.



**Brunavarnir Árnæssýslu**  
**Árvegi 1**  
**800 Selfoss**  
**4800 900**  
**ba@babubabu.is**

Apríl 2026  
 ----PP/hóá/lkg-----

## Framkvæmdaáætlun BÁ 2024 til 2033

Eftirfarandi tölur eru áætlaðar kostnaðar vegna nýkaupa framkvæmda og fjárfestingaáætlunar BÁ vegna áraanna 2024 – 2035. Einungis er áætlað fyrir stærstu útgjaldaliðum og er gert ráð fyrir að áætlað verði fyrir minni útgjaldaliðum í búnaðarlið hvernar fjárhagsáætlunar fyrir sig eða þeir verði sérstaklega teknir fyrir við fjárhagsáætlanagerðir allt eftir eðli þess búnaðar eða tækja sem þörf kallar á.

Framkvæmda og fjárfestingaáætlun vegna stærri útgjaldaliða 2024 - 2035			
Auk þessa þarf að áætla fyrir minni bifreiðum (mannskapsbílur, dagnotabílar og gróðureldafarataeki)			
		Evra 2.10.2025	gengi 2.10.2025
2025	Kaup á nýrri tankbifreið fyrir Þorlákshöfn (árg. 1989, 36 ára)	30.000.000	30.000.000
	Kaup á auknu rými af BFÁ, Árvegi 1 Selfossi	10.000.000	10.000.000
	2 áfangi nýrrar tækjageymslu (slökkvistöð) á Flúðum 600 m2	150.000.000 Mv, vísitölur:	150.000.000
2026	Ný dælubifreið til Reykhólts (árg. 2005, 21 árs)	597.488 Evrur	M.V Hveragerði 2024 84.664.050
	Kaup á auknu rými af BFÁ, Árvegi 1 Selfossi	26.000.000	26.000.000
2027	Ný dælubifreið Þorlákshöfn (árg. 2006, 21 árs)	596.488 Evrur	M.V Hveragerði 2024 84.522.350
2028	Ný dælubifreið fyrir Árnes (árg. 2007, 21 árs)	596.488 Evrur	M.V Hveragerði 2024 84.522.350
2029	Ný tækjageymsla (slökkvistöð) í Hveragerði 500 fermetrar.	200.000.000	M.V Laugarvatn 2025 200.000.000
2030	Ný dælubifreið fyrir Laugarvatn (árg. 2005, 25 ára)	596.488 Evrur	M.V Hveragerði 2024 84.522.350
2031	Ný dælubifreið fyrir Flúðir (árg. 2007, 24 ára)	596.488 Evrur	M.V Hveragerði 2024 84.522.350
2032	Ný tækjageymsla (slökkvistöð) í Reykholti 300 fermetrar.	90.000.000 Mv, vísitölur:	90.000.000
		Byggingarvísitala gr.2021 sept 2023. 115,6	
2033	Bygging tækjageymslu (slökkvistöð) í Þorlákshöfn 500 fermetrar	200.000.000 Mv, vísitölur:	200.000.000
2034	Ný körfubifreið (stigabifreið), fyrir uppsveitir		Upphæð frá 2020 92.000.000
2035	Kaup á slökkvistöð á Borg í Grímsnesi		M.V Laugarvatn 2025 150.000.000
			<b>1.370.753.448</b>